





DEILISKIPULAG - Yfirlit yfir fyrirkomulag MKV. 1:5000



ÚR AÐALSKIPULAGI RANGÁRÞINGS YTRA 2016-2028

Rauður hringur sýnir á skematískan hátt svæði fyrirhugaðra framkvæmda sem er með landnotkun sem óbyggt svæði.

SKÝRINGAR

-  Skipulagsmörk
-  Rafstrengur (niðurgrafinn)
-  Stöðvarhús

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 - og var samþykkt í sveitarstjórn Rangárbings ytra

Þann 2025.

Deiliskipulagstillaga var auglýst frá til 2025.

Auglýsingin um samþykkt deiliskipulagssins birtist í B deild Stjórnartíðinda þann 2025.

.....

GREINARGERÐ

Forsendur breytingar

Á toppi Laufafells að Fjallabaki er ein af fjarskiptastöðvum Neyðarlínunnar. Neðan fellsins er smávirkjun sem framleiðir orku fyrir fjarskiptastöðina sem flutt er með rafstreng sem liggur austan megin við fellid. Núverandi rafstrengur fer upp á fellid um kletta þar sem grjóthrun er talsvert og skemmdir á strengnum tíðar með tilheyrandi truflunum á fjarskiptaþjónustu og viðgerðakostnaði. Í breytingu felst að til stendur að afleggja eldri rafstreng og leggja nýjan rafstreng í jörðu frá smávirkjun að notkunarstað.

Lýsing á framkvæmd og frágangur

Um er að ræða lágspennustreng a 1 kV spennu sem er um 2,5 cm að þvermáli. Ný áformuð strengleið yrði vestan megin við fellid en heildarlengd strengsins verða tæpir 4 km.

Gert er ráð fyrir að strengurinn liggi frá stöðvarhúsinu og að fjallveginum Fjallabakleið F210 syðri þar sem strengurinn þverar veginn, þaðan liggur hann áfram eftir rótum Laufafells meðfram Laufahrauni í átt að Laufavatni en þaðan er hann lagður upp öxl í fellinu að mastrinu. Mögulega verða einhverjar hliðranir á strengnum ef aðstöður í umhverfinu kalla á það. Leiðin er valin með tilliti til jarðvegs og landslags þannig að lagning gangi sem best fyrir sig og valdi minnsta mögulega raski.

Strengurinn verður plægður niður með traktorsgröfu og leggst í botn plógfarsins á um eins metra dýpi. Síðan leggst jarðvegurinn yfir og yfirborðið slétt. Rasksvæðið takmarkast við breidd gröfunnar sem má gera ráð fyrir að verði um 2,1-2,4 m. Ekki er þörf á slóðagerð eða annarri efnistöku vegna framkvæmdanna. Gert er ráð fyrir að heildarasksvæði framkvæmdanna verði u.þ.b. 1 ha. Öll ummerki eftir framkvæmdina eiga að vera horfin að þremur árum lífnum. Landið sem um ræðir er þjóðlendi og afreittarland sem tilheyrir Rangárbæjar ytra. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru innan afmörkunar Fjallabaks og Emstra sem er svæði á náttúruverndaskrá yfir aðrir náttúruminjar. Lega rastengjar á uppdrætti er leiðbeinandi.

Umhverfisaðstæður á framkvæmdasvæði

Í greinargerð sem unnin var vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu kemur fram að vistgerðir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði séu áðallega moslendi, melar og sandlendi. Strengleiðin upp Laufafellið einkennist af skriðum og klettum og þar finnst engin vistgerð með hátt verndargildi. Af þeim vistgerðum sem mest sé af innan framkvæmdasvæðisins sé mela- og grábravist eða um 32% af heildarrasksvæði en verndargildi hennar sé miðlungs mikið. Þar á eftir komi sanda- og víkravist og ljónslappaskriðuvist, en verndargildi þeirra sé lágt. Þær séu þó á lista Bernarsamningsins. Framkvæmdasvæðið sé ekki skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og jarðfræði framkvæmdasvæðisins einkennist af súru gosbergi skv. jarðfræðikorti ISOR. Í ljósi þess að ekki sé um að ræða stórt svæði og umfangsmikla framkvæmd að ræða séu áhrif á vistgerðir og fuglalíf metin óveruleg. Jarðrask vegna framkvæmdanna eigi sér stað á framkvæmdatíma en einigleikt rask á áðallega við um plógfarið eftir gröfu. Í ljósi þess að um sé að ræða óveruleg fork og að ekkert rask verði á hrauni séu áhrif á jarðmínjar metin óveruleg.

Fyrirhuguð framkvæmd sé utan friðlandsins að fjallabaki. Þá muni strengurinn ekki þvera vistkerfi eða jarðminjar sem njóti sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Strengurinn muni liggja rétt utan við Laufahraun að hluta sem flokkist sem eldhraun á nútfema sem njóti sérstakrar verndar. Leitast verði eftir því að koma í veg fyrir rask á hrauninu. Þá muni strengurinn liggja nærri Laufavatinu sem tilheyrir flokknum stöðuvatn og tjarnir stærri en 1.000 m². Engin vatnsverndarsvæði eða vatnsból séu innan rasksvæðis framkvæmda. Þá sé ekki um að ræða svæði sem falli undir ákvæði hverfisverndar.

Fyrir liggur umsögn Minjastofnunar Íslands þar sem kemur fram að stofnunun telji ekki þörf á að umrædd framkvæmd fari í umhverfismat. Þá séu ekki taldar líkur á því að fornleifar finnist á svæðinu en haft verði samband við Minjastofnun ef að minjar finnist við framkvæmdir.

Kynning og samráð

Matskyldufyrirspurn var send Skipulagsstofnun, Rangárþingi ytra, forsætisráðuneytinu, Minjastofnun Íslands, Umhverfis- og Orkustofnun, heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Náttúrufræðistofnun, Náttúruverndarstofnun og Vegagerðarinni til umsagnar.

Tillaga að deiliskipulagi var send sömu aðilum til umsagnar. Tillagan var einnig kynnt almenningi með auglýsingu í skipulagsgátt.

HÖNNUÐUR			
COWI Urðarhvarfi 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 Fax: 422 3001 www.cowi.com cowi@cowi.com Kt: 430572-0169 © ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AD HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.			
HEITI VERKS			
Breyting á 5-10 kW smávirkjun (heimarafstöð) við Laufafell í Rangárþingi ytra			
HEITI TEIKNINGAR			
DEILISKIPULAG			
VERKNÚMÉR 2.041.035	MKV. 1:5000/1:100000	STÆRD A2	ÚTGÁFA F1
DAGSETNING/HÖNNUÐUR September 2025			NR. TEIKN. S101